

## **8. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS**

---

**BORGARNESI, MÁNUDAGINN 12. NÓVEMBER 2018 KL. 15.30**

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, miðvikudaginn 12.nóvember kl.15.30 á skrifstofu SSV í Borgarnesi.

Mætt voru: Helena Guttormsdóttir, Brynjar Sigurðsson og Sigríður Finsen sem var í símasambandi. Jóhannes Haukur Hauksson og Sigrún Lilja Einarsdóttir boðuðu forföll vegna veikinda.

Auk þess sátu fundinn Ólafur Sveinsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Svala Svavarsdóttir og Páll S. Brynjarsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

### **1. FUNDARSETNING**

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### **2.UMSÓKNIR UM STYRKI TIL ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARVERKEFNA**

Atvinnuráðgjafarnir, Ólafur Sveinsson og Ólöf Guðmundsdóttir gerðu grein fyrir mati fagráðs á umsóknum um styrki til atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Úthlutunarnefndin fór yfir allar umsóknirnar og ræddi mat fagráðs. Samþykkt var að úthluta kr.16.534.500 til 18 umsókna, en alls bárust 32 umsóknir um styrki.

### **3.Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs**

Rætt um úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs sem verður hluti af Nýsköpunardegi SSV, sem fer fram 21. nóvember n.k. á Akranesi.

### **4.Næsta úthlutun Uppbyggingarsjóðs**

Rætt um næstu úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Samþykkti að auglýsa eftir umsóknum fyrir 15.desember 2018 og umsóknarfrestur rennur út eigi síðar 20. Janúar 2019.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30